

# Vaknaðu

„Á allra vörum“ er kynningar- og fjáröflunaráttak þar sem íslenska þjóðin sameinast um ákveðið málefni og lætur gott af sér leiða. Hugmyndafræðin gengur út á að velja eitt málefni á ári – eitthvað sem þarfnast sérstakrar athygli og aðstoðar. Síðan er ákveðið fyrir hverju skal safna, en það verður að liggja skýrt fyrir áður en átakið hefst. „[Á allra vörum](#)“ hefur staðið fyrir árlegum átökum frá árinu 2008. Í gær, 1. september, var tilkynnt hvaða málefni yrði fyrir valinu þetta árið. Að þessu sinni er það tengt forvörnum og fræðslu vegna vímuefnaneyslu ungmenna.

Þjóðkirkjan hefur verið með í þessu lengi. Þátttaka hennar fól í sér að öllum kirkjuklukkum landsins var hringt inn á sama tíma í morgun, kl. 7.15. Með þessu vildu þær hrinda úr vör átaki ársins undir heitinu VAKNAÐU, þar sem óvenjulegt er að kirkjuklukkunum sé hringt inn á þessum tíma.

Jón Andrjes Hinriksson stóð vaktina í Siglufjarðarkirkju.



Myndir: Sigurður Ægisson | [sae@sae.is](mailto:sae@sae.is).

Texti: Aðsendur / Sigurður Ægisson | [sae@sae.is](mailto:sae@sae.is).